

Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans varðandi mælingar/skoðun á raka og rakaskemmdum í húsnæði á vegum Garðabæjar.

1. Hversu oft fara fram mælingar/skoðanir á raka eða rakaskemmdum í húsnæði á vegum Garðabæjar?

Svar:

Starfsmenn eignarsjóðs sinna reglubundnu eftirliti með fasteignum bæjarins og gera áætlanir um viðhaldsþörf í tengslum við árlegar fjárhagsáætlanir. Ef ábendingar koma fram um hugsanlegar rakaskemmdir eða skoðun leiðir í ljós grun um myglu er leitað til sérfræðinga til að taka sýni og annast greiningu þeirra.

2. Þegar mælingar/skoðanir fara fram vegna mögulegra rakaskemmda til hvaða aðila hefur Garðabær leitað?

Svar:

Garðabær hefur leitað til sérfræðinga hjá Eflu – verkfræðistofu og Mannvits – verkfræðistofu varðandi sýnatökur og sýni eru greind hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

3. Hvernig hefur verið staðið að því að velja viðbragðsaðila við rakaskemmdum og myglu í húsnæði í Garðabæ? Þá er átt við úttektaraðila, viðgerðaraðila og byggjendur á nýjum byggingarhlutum í kjölfar þess að upp kemur að um rakaskemmdir og myglu sé að ræða í húsnæði á vegum bæjarins.

Svar:

Verkfræðistofurnar Efla og Mannvit sem leitað hefur verið til varðandi sýnatökur hafa innan sinna raða helstu sérfræðinga landsins varðandi sýnatökur og ráðgjöf vegna viðbragða við rakaskemmdum og myglu. Viðurkennd hreingerningafyrirtæki koma að þrifum vegna myglu og traustir verktakar koma að viðgerðum og endurbótum. Sérfræðingar verkfræðistofanna koma að verkstjórn.

4. Eru til verklagsreglur hjá Garðabæ þegar grunur er kominn upp um raka eða rakaskemmdir í húsnæði á vegum Garðabæjar?

Svar:

Verklagsreglur eru samkvæmt því sem áður hefur komið fram að bregðast við rakaskemmdum og ef vaknar grunur um myglu eru sýni tekin og greind. Viðbrögð ráðast síðan af niðurstöðum greiningarskýrslu hverju sinni. Ástæða er til að skerpa á verklagsreglum og hafa til staðar skrifaða ferla varðandi viðbrögð við rakaskemmdum og myglu. Það verður unnið í samráði við sérfræðinga á þessu sviði.

5. Stendur til að koma á reglubundnum mælingum/skoðunum á húsnæði á vegum Garðabæjar, ef slíkt er ekki til staðar nú þegar?

Svar:

Eins og fram kemur í svar við spurningu nr. 1 sinnir eignarsjóður reglubundnu eftirliti með fasteignum bæjarins. Rakamælar hafa verið settir upp í húsnæði bæjarins þar sem ástæða þykir að vakta aðstæður eins og kostur er. Þá hafa starfsmenn eignarsjóðs sótt námskeið þar sem farið hefur verið yfir helstu atriði sem geta gefið tilefni til sýnatöku vegna myglu.